

Fundargerð

207. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 4. nóvember 2014 kl. 12¹⁵–14²⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raf- og rafeindatækjaúrgangur
- (3) Ráðstöfunaraðili
- (3) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (206. fundar).

2. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

ÓK fór yfir að á síðasta fundi var farið yfir álagningu úrvinnslugjalds á raftæki, skilahlutföll, söfnunarstöðvargjöld, flutningskostnað og greiðslur til þjónustuaðila ásamt kostnaði við umsjón og rekstur Úrvinnslusjóðs.

Á síðasta fundi stjórnar lágu fyrir tvær tillögur. Annars vegar að gera engar breytingar á úrvinnslugjöldum sem liggja fyrir í frumvarpi fjármálaráðherra og hins vegar að gera tillögu um að hækka úrvinnslugjöld á kælitæki og skjái en lækka úrvinnslugjöld t.d. á stór tæki. Ákvörðun var frestað.

ÓK sagði frá kostnaðaráætlun Umhverfisstofnunar vegna umsjónar með skráningarkerfi og eftirliti með fyrirtækjum er flytja inn raf- og rafeindatæki. Sá kostnaður getur orðið á milli 5-8 milljónir á ári.

Gerð var tillaga um að úrvinnslugjald í frumvarpi fjármálaráðherra yrði óbreytt :

Kælitæki = 25 kr/kg

Skjái = 72 kr/kg

Perur = 25 kr/kg

Stór tæki = 6 kr/kg

Lítil tæki = 8 kr/kg

Lítil samskiptatæki = 8 kr/kg

Í ljósi þeirrar óvissu sem uppi er varðandi ákveðnar forsendur boðaðs úrvinnslugjalds, s.s. varðandi skilahlutfall einstakra flokka, þá mun stjórn ekki fara fram á breytingar á tillögum um gjaldið sem kynntar eru í fyrirliggjandi frumvarpi til laga um ýmsar forsendur frumvarps til

ffárlaga fyrir árið 2015. Stjórn áskilur sér eftir sem áður rétt til að óska breytinga á gjöldum sem lagðar verða fyrir vorþing 2015 í ljósi fenginnar reynslu af umræddum breytingum, ef forsendur breytast.

Samþykkt.

3. Ráðstöfunaraðili

Efnaeiming ehf. kt. 670302-2880, Seljavogi 13, 233 Reykjanesbær, sækir um að verða ráðstöfunaraðili fyrir málningu.

Samþykkt

4. Önnur mál

Lögð var fram á síðasta fundi ósk frá fyrirtækinu Náttúran ehf. um styrk vegna útgáfu á korti er innheldur staðsetningar fyrir allar söfnunarstöðvar og grenndargáma sveitarfélaga á landinu.

Frestað.

Næsti fundur ákveðinn 18. nóvember 2014.

Fundi slitið kl 14:20

